



## Beiðni um frestun

- á framhaldi uppboðs á fasteign eða ákvörðun um það
- á ráðstöfun fasteignar á almennum markaði eða ákvörðun um hana
- á töku afstöðu til boðs í fasteign á uppboði sem er lokið

sbr. lög nr. 16/2015 um breytingu á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991 með síðari breytingum (frestun nauðungarsölu).

Berist sýslumanni í umdæmi þar sem fasteign er skráð, veldu viðeigandi embætti.

Móttökudagsetning:

Málsnúmer:

Umsækjandi			
Nafn:	Kennitala:	Netfang:	
Lögheimili:	Póstnúmer og staður:	Sími / símar:	
Umsækjandi (ef fleiri en einn eigandi)			
Nafn:	Kennitala:	Netfang:	
Lögheimili:	Póstnúmer og staður:	Sími / símar:	
Fasteign sem umsókn varðar			
Gata og húsnúmer / heiti:	Hæð (ef fjöleignarhús):	Sveitarfélag:	Fasteignarnúmer:

Beiðst hefur verið nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 á ofangreindri fasteign sem ætluð er til búsetu skv. ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Með vísan til laga nr. 16/2015 (hakið í viðeigandi reiti).

- óska ég undirritaður þinglýstur eigandi fasteignarinnar, sem ég held heimili á og hef skráð lögheimili á, eftir að sýslumaður fresti í allt að þrjú mánuði
- óskum við undirritaðir þinglýstir eigendur fasteignarinnar, sem við höldum heimili á og höfum skráð lögheimili á, eftir að sýslumaður fresti í allt að þrjú mánuði
- ákvörðun eða töku ákvörðunar um framhald uppboðs á eigninni.
- ákvörðun eða töku ákvörðunar um ráðstöfun eignarinnar á almennum markaði.
- að taka afstöðu til boðs í eignina við uppboð sem er lokið en boð hefur ekki verið samþykkt (samþykki gerðarbeiðanda þarf að liggja fyrir áður en ákvörðun verður tekin).

Með beiðni skal fylgja eftir því sem við á:

1. Staðfesting ríkisskattstjóra á að ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun um leiðréttingu.
2. Staðfesting á að niðurstaða ríkisskattstjóra hafi verið kærð til úrskurðarnefndar um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana.
3. Samþykki gerðarbeiðanda og hæstbjóðanda á að fresta frekari vinnslu málsins í allt að þrjú mánuði (ef við á).

Undirskrift/ir umsækjanda

Dagsetning:	Dagsetning:

Ákvörðun sýslumanns: Beiðni samþykkt ( ) Beiðni hafnað ( ) Rökstuðningur fylgir ( )

Dags. \_\_\_\_\_

**1. gr. laga nr. 16/2015 um breytingu á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestun nauðungarsölu):**

Ákvæði til bráðabirgða VI í lögnum orðast svo:

Nú er leitað nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili og um er að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda og ber þá sýslumanni að verða við ósk gerðarþola sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. um að fresta í allt að þrjú mánuði í senn töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við framhald uppboðs eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð í eignina á almennum markaði samþykkt skal sýslumaður að fullnægðum sömu skilyrðum verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum í allt að þrjú mánuði í senn. Hafi uppboði lokið en sá tími sem hæstbjóðandi er bundinn við boð sitt er ekki liðinn er sýslumanni heimilt að beiðni gerðarþola og að fengnu samþykki gerðarbeiðanda og hæstbjóðanda að fresta frekari vinnslu málsins í allt að þrjú mánuði í senn að uppfylltum sömu skilyrðum.

Skilyrði fyrir því að frestur verði veittur er að gerðarþoli sýni fram á að hann hafi sótt um leiðréttingu fasteignaveðlana samkvæmt lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana en ríkisskattstjóri hafi ekki endanlega ákvarðað leiðréttingu eða ákvörðun ríkisskattstjóra hafi verið kærð til úrskurðarnefndar og sé þar til meðferðar.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. október 2015.